

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar.

Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **váttryggingarskírteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á [Mínum síðum](#) Varðar. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

Hvernig trygging er Heilsupakki – Ævilína?

Ævilína er samsett líf- sjúkdóma- og örorkutrygging og er ætlað að vera fyrsta skref ungs fólks, á aldrinum 18 – 24 ára til að tryggja líf sitt og heilsu. Tryggingarfjárhæðir eru fastar í upphafi en taka breytingum með vísitölu neysluverðs. Iðgjald ævilínu er fast frá 18 – 24 ára aldri tryggðs en breytist síðan með aldri til 65 ára aldurs en þá fellur tryggingin niður. Fjárhæðir líftryggingar í Ævilínu hækkar á næstu endurnýjun eftir að tryggður gengur í hjónaband eða eignast barn.



Hvað bætir tryggingin?

Líftrygging

- ✓ Félagið greiðir réttthafa bætur ef váttryggður deyr á gildistíma váttryggingar.
- ✓ Ef lífandi fætt barn váttryggðs andast á váttryggingartímanum greiðir félagið dánarbætur samkvæmt því sem fram kemur á váttryggingarskírteini.
- ✓ Váttryggður getur óskað eftir greiðslu sem er ígildi líftryggingar ef hann greinist með sjúkdóm á lokastigi til 35 ára aldurs.

Sjúkdómatrygging

Hjarta- og æðasjúkdómar

- ✓ Bráða kransæðastíflu / hjartadrep.
- ✓ Kransæðaskurð-/hjávaiteuadgerð.
- ✓ Hjartalokuskurðadgerð.
- ✓ Ósæðaskurðadgerð.

Heilaafall, lömun og málstol

- ✓ Heilablóðfall.
- ✓ Þverlömun.
- ✓ Málstol.

Krabbamein

- ✓ Illkynja æxli.

Tauga- og hrörnunarjúkdómar

- ✓ MS.
- ✓ MND.



Hvað bætir tryggingin ekki?

Líftrygging

- ✗ Andlát, þegar hinn váttryggði sviptir sig lífi innan árs frá því að váttrygging öðlast gildi.
- ✗ Andlát, sem rekja má til afleiðinga sjúkdóms eða meins sem hefur komið fram (þ.e. einkenni eða greining) fyrir gildistöku váttryggingarinnar og váttryggður veit eða mátti vita um við undirritun váttryggingarsamnings eða eftir að váttryggingin féll úr gildi.

Sjúkdómatrygging

Hjarta- og æðasjúkdómar

- ✗ Hjartadrep án ST hækkana (NSTEMI).
- ✗ Lokaða kransæðaaðgerð, t.d. kransæðavíkkun.
- ✗ Aðgerðir á greinum ósæðar sem framkvæmdar eru utan brjóst- eða kviðarholts.

Heilaáfall, lömun og málstol

- ✗ Skammvinnt blóðþurrðarkast í heila (TIA).
- ✗ Einkenni frá taugakerfi vegna mýgreinis.
- ✗ Málstol sem á rætur að rekja til sálrænna kvilla.

Krabbamein

- ✗ Forstigseinkenni krabbameins.

Tauga- og hrörnunarjúkdómar

- ✗ Parkinsonsveiki sem er afleiðing misnotkunar áfengis eða vímuefna.

- ✓ Parkinsonsveiki.
- ✓ Alzheimersjúkdóm.

Aðrir alvarlegir sjúkdómar og slys

- ✓ Góðkynja heilaæxli.
- ✓ Meiriháttar líffæraflutning.
- ✓ Nýrnabilun.
- ✓ Missi tveggja útlíma.
- ✓ O.fl.

Sjúkdómatrygging barna

- ✓ Barn hins tryggða, á aldrinum 3ja mánaða til 18 ára, greinist með einhvern af þeim sjúkdómum eða verður fyrir einhverju tilviki sem falla undir trygginguna.

Meðgöngu- og fæðingartengd atvik

- ✓ Meðgöngueitrun.
- ✓ Utanlegsfóstur sem krefst aðgerðar.
- ✓ Missi barns á meðgöngu eftir 14+0 viku og þungunarrofs vegna staðfestrar greiningar á alvarlegu fósturfráviki.
- ✓ O.fl.

Meðfætt heilsufarsástand barns

- ✓ Heilalömur – CP.
- ✓ Vatnshöfuð.
- ✓ Klofinn hrygg.
- ✓ Meðfædda hjartagalla.
- ✓ Aðrir sjaldgæfir sjúkdómar skv. nánari skilgreiningu.

Frjósemisvernd

- ✓ Tryggður greinist með ófrjósemi og gengst undir frjósemismeðferð.

Stuðningssamtöl

Tryggingin greiðir allt að fimm stuðningssamtöl vegna:

- ✓ Bótaskyldra atvika úr meðgöngu – og foreldravernd.
- ✓ Bótaskyldra atvika úr Frjósemisvernd.

Örorkutrygging

- ✓ Varanlega læknisfræðilega örorku af völdum sjúkdóms eða slyss.

Aðrir alvarlegir sjúkdómar og slys

- ✗ Heilahimnuæxli né blöðrur eða hnúða í heila.
- ✗ Missi eins útlíms.

Sjúkdómatrygging barna

- ✗ Tilvik sem rekja má til sjúkdóma sem greindust áður en barnið varð þriggja mánaða.

Meðgöngu- og fæðingartengd atvik

- ✗ Sjúkdóma eða kvilla sem voru til staðar áður en tryggingin tók gildi, þar á meðal greiningar eða einkenni sem má rekja til ástands sem hófst fyrir meðgöngu.
- ✗ Þungunarrof af öðrum orsökum en læknisfræðilegum.

Meðfætt heilsufarsástand barns

- ✗ Heilsufarsástand barns sem var til staðar áður en viðauki þessi tók gildi, þar á meðal greiningar eða einkenni.

Frjósemisvernd

- ✗ Frjósemismeðferðir af öðrum orsökum en ófrjósemi.

Stuðningssamtöl

- ✗ Tryggingin greiðir ekki fyrir viðtöl vegna áfalla eða sjúkdóma sem greindust áður en tryggingin tók gildi eða vernd hófst falla ekki undir bótagreiðslur.
- ✗ Aukakostnað, svo sem ferðakostnað eða sambærilega útgjaldaliði.

Örorkutrygging

- ✗ Afleiðingar sjúkdóms eða meins sem hefur komið fram (þ.e. einkenni eða greining) fyrir gildistöku vátryggingarinnar og vátryggður veit eða mátti vita um við undirritun vátryggin gasamnings eða eftir að vátryggingin féll úr gildi.
- ✗ Afleiðingar slyss sem rekja má til atburðar sem vátryggður veit eða mátti vita um og átti sér stað fyrir undirritun vátryggin gasamnings eða eftir að vátryggingin féll úr gildi.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

! Það er skilyrði fyrir greiðslu bóta úr sjúkómatryggingu að váttryggður lífi í a.m.k. 30 daga frá því að sjúkdómur greinist eða váttryggingaratburður á sér stað.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.



Hverjar eru skyldur hins tryggða?

- Að veita félaginu réttar upplýsingar, bæði við töku tryggingar og samhliða tjónstilkynningu.
- Að fylgja varúðarreglum í skilmálum.
- Að tilkynna tjón svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en einu ári frá tjónsatburði.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Við endurnýjun hækkar ársiðgjaldið í samræmi við breytingu á vísitölu frá grunnvísitölu samnings. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á [Mínum síðum](#) Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



Hvenær hefst váttryggingarverndin og hvenær lýkur henni?

Váttryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa. Tryggingin gildir þó ekki lengur en til 65 ára aldurs váttryggðs.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímabilinu. Iðgjald skal greitt fyrir það tímabil sem félagið er í ábyrgð samkvæmt váttryggingunni.